

Yfirskrift:	Stjórnarfundur Félags forstöðumanna ríkisstofnana		
Stjórnarfundur	Dagsetning:	2. desember 2021	Tími: 12:00 – 13:00
Fundarstaður:	TEAMS		
Fundarstjóri:	KS		
Ritari:	SJ		
Á fundinn mættu:	Ásdís Ármannsdóttir (ÁÁ), Eydís Líndal Finnbogadóttir (ELF), Harpa Þórsdóttir (HP), Kristján Sverrisson (KS), Steinn Jóhannsson (SJ) og Dagrún Hálfðánardóttir framkvæmdastjóri félagsins.		
Fjarverandi:	Gylfi Ólafsson (GÓ)		

Fundargerð stjórnarfundar FFR 2. desember 2021

1. Fundargerð 2. nóvember 2021

Fundargerð stjórnarfundar 2. nóvember 2021 samþykkt.

2. Erindi fyrrverandi félagsmanns. Trúnaðarmál.

Umfjöllun dagskrárliðar bókuð í sérstakri bókun með fundargerð sem vistuð er hjá félaginu sbr. trúnaðarmál nr. 4.

3. Umsókn um styrk

Farið yfir umsókn félagsmanns um fjárstuðning vegna reksturs stjórnsýslumáls. Stjórn samþykkti umsóknina með vísan til starfsreglna stjórnar.

4. Áform um breytingu á 39. gr. a. laga nr. 70/1996

Þann 15. nóvember sl. voru birt áform fjármálaráðherra í samráðsgátt um að leggja fram frumvarp til breytinga á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Fyrirhugaðar breytingar snúa að málefnum forstöðumanna ríkisstofnana. Með fyrirhuguðu frumvarpi er ætlunin að taka af vafa um, að ákvarðanir ráðherra um grunnmat starfa forstöðumanna ríkisstofnana, séu stjórnvaldsfyrirmæli. Til stendur að breyta 39. gr. a. laganna á þá leið að gera skylt að birta ákvarðanir um föst laun fyrir dagvinnu og önnur laun er fylgja tilteknu starfi forstöðumanns, sbr. 1. másl. 1. mgr. 39. gr. a., í reglugerð. Engar umsagnir bárust um áformin.

Umræður um hvernig stjórn getur undirbúið sig til að vera tilbúin þegar frumvarpið lítur dagsins ljós. Ljóst að stjórn hefur ekki kannað með áreiðanlegum hætti hug félagsmanna til þeirra álitaefna sem rædd eru í álitum

umboðsmanns Alþingis um launaákvarðanir forstöðumanna sem fyrirhugaðar lagabreytingar eiga rætur að rekja til. Umræður um hvort að halda eigi félagsfund um málið í byrjun næsta árs, setja vinnuhóp á laggirnar, senda könnun til félagsmanna eða fá sérfræðilega úttekt á stöðunni. Á síðasta stjórnarfundum var sá möguleiki ræddur að fá óháðan aðila til að gera könnun meðal félagsmanna um launamál.

Ákveðið var að bíða með félagsfund og könnun að svo stöddu. Byrja á því að fá sérfræðing til að meta stöðuna sem skapast hefur í kjölfarið á niðurstöðu umboðsmanns Alþingis annars vegar og ráðuneytisins hins vegar varðandi launaákvarðanir forstöðumanna.

5. Stjórnarsáttmálinn

Umræður um nýjan stjórnarsáttmála. Ljóst að um töluverða breytingu á sumum stöðum er að ræða og töluverð óvissa til staðar en jafnframt tækifæri. Félagið hefur í sjálfu sér ekkert um þetta að segja þó þetta hafi vissulega áhrif á marga forstöðumenn.

6. Önnur mál:

a) *Rýnifundur um aðgerðaáætlun stjórnendastefnu ríkisins (starfsþróun og heilsa og líðan).*

ELF og DH mættu á rýnifundinn. Ljóst að endalaust má rýna texta. Verður betri fyrir vikið og á fundinum var svo sannarlega rýnt til gagns.

b) *Fundur með félagsmanni vegna niðurstöðu umboðsmanns Alþingis og næstu skref.*
Fulltrúar stjórnar greindu frá því sem fram kom á fundinum.

c. *Samskipti við fjölmiðla undanfarinn mánuð.*

Fjölmiðlar leitað eftir samtali við formann t.d. vegna tafa á fjárlögum og nýs stjórnarsáttmála.

d. *Ímynd ríkisstofnana*

Forstöðumenn hafa fengið spurningar til sín sem að sumu leyti endurspeglar ímynd opinberra stofnana. Dæmi um spurningu er hvort það sé ásættanlegt að opinber stofnun ráði til sín færustu sérfræðinga landsins. Við getum snúið spurningunni við, þ.e. er ásættanlegt að

stofnun ráði ekki topp sérfræðinga til sín? Ákveðið að hafa samband við BHM og viðra þetta mál.

e. Störf án staðsetningar. Búseta forstöðumanna.

Í sumum reglugerðum er kveðið á um að forstöðumaður er skilgreindur á ákveðnu landsvæði, t.d. höfuðborgarsvæðinu. Þá væri auglýst eftir hæfustu umsækjendum sem eru búsettir á höfuðborgarsvæðinu. Skýtur skökku við þegar haft er í huga að ríkið vinnur að verkefninu „störf án staðsetningar.“ Áhugavert gagnvart störfum forstöðumanna hvort það sé frjálts búseta eða ekki. Hafa í huga þegar endurskoðun á starfsumhverfi forstöðumanna fer af stað.

f. Jólahittingur

Ákveðið að blása jólahitting félagsins af að þessu sinni á meðan staðan er ekki betri m.t.t. Covid. Stjórnin hefur þó áhuga á að eiga stund saman. DH skipuleggur.